

# FUGLARNIR Í AKURGERÐI

## BIRDS IN THE AKURGERÐI FOREST


Í Akurgerði er fjölbreytt fuglalíf. Þessar fuglategundir geta gestir vænst að sjá í skóginum. Fuglalíf skógarins er þó mismunandi eftir árstíma.

Birdlife is abundant in Akurgerði. Visitors can expect to see the following birds, depending on the season.




**Auðnutittlingur** (*Carduelis flammea*)  
**Redpoll**

Auðnutittlingur er lítil finka sem heldur sig í trjám. Hann þekktist á gráum lit og rauðu enni. Hann gerir sér hreiður í trjám og fóðrar það að innan með rjúpnafiðri. Er hér allt árið.




**Músarindill** (*Troglodytes troglodytes*)  
**Wren**

Músarindill er afar smár fugl, brúnn á litinn. Hans aðaleinkenni er stélið, sem er ávallt sperrt upp í loftið. Hann syngur líka hátt og fallega. Músarindillinn er staðfugl. Hreiðrið er vandlega gerð kúla úr mosa.




**Skógarpröstur** (*Turdus iliacus*)  
**Redwing**

Skógarpröstur er algengasti skógarfuglinn á Íslandi. Hann er brúnleitur, rauðbrúnn undir vængjunum með áberandi rjómagula augnabrúnarák. Skógarpröstur syngur mikið á vorin og fram eftir sumri. Er að mestu leyti farfugl.



**Þúfutittlingur** (*Anthus pratensis*)  
**Meadow Pipit**

Þúfutittlingur er algengur fugl í graslendi og mólendi, en heldur sig í skóglendi þar sem eru rjóður. Hann er brúnrákóttur lítill fugl og syngur á flugi. Situr mest á jörðinni og gerir sér hreiður utan í þúfum.




**Mariuerla** (*Motacilla alba*)  
**White Wagtail**

Mariuerla sækir mikið í skordýr við skógarstíga og önnur opin svæði. Hún verpir stundum í trjám. Mariuerla er lítill, kvikur fugl sem dillar löngu stélinu í sífellu.



**Glókollur** (*Regulus regulus*)  
**Goldcrest**

Glókollur er minnstur evrópskra fugla. Hann lifir á skordýrum og gerir sér hreiður í barrtrjám. Glókollur er gulgrænn á litinn, með skærgula kórónu á höfðinu. Sést allt árið.





**Hrossagaukur** (*Gallinago gallinago*)  
**Snipe**

Hrossagaukur er brúndröfnóttur vaðfugl. Hann er algengur í opnu skóglendi og verpir fjórum eggjum í hreiður á jörðinni.

**Skógarsnípa** (*Scolopax rusticola*)  
**Woodcock**

Skógarsnípa er skyld hrossagauk, en er mun stærri. Hún er fremur stygg og felugjörn. Skógarsnípa flýgur sérkennilegu söngflugi upp úr miðnætti á vorin yfir trjátoppunum. Hún er nýlegur varpfugl á Íslandi.



**Rjúpa** (*Lagopus mutus*)  
**Ptarmigan**

Rjúpa heldur sig í lyngmóum og skógarjóðrum, en sækir mikið í skjól skógarins á veturna. Hún er brún á sumrin og hvít á veturna.

**Brandugla** (*Asio flammeus*)  
**Short-eared Owl**

Brandugla er allstór brúndröfnóttur fugl með stór gul augu. Sést allt árið, en er mest í skóginum á veturna. Lifir á músunum og smáfuglum.

